



Fundargerð

2. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 6. Október 2025, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.

Forföll:

Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá fundar:

- Verkefni undanfarins mánaðar og það sem er framundan
- Önnur mál

Verkefni undanfarinn mánuð og framundan

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Forstöðumenn MAS funda að minnsta kosti einu sinni í mánuði og ræða þá ýmis málefni sem snúa að hópnum sameiginlega eða til að miðla reynslu milli svæða.

Fundur á Vestfjörðum

Fyrirhugaður er sameiginlegur vinnufundur allra markaðsstofanna 12.-13.nóv sem fer fram á Vestfjörðum að þessu sinni. Mikilvægt er fyrir alla starfsmenn að koma saman og ræða sameiginleg verkefni, kynnst betur innbyrðis og ekki síður aðstæðum mismunandi landshluta þegar kemur að ferðaþjónustu.

Ratsjá

Í sumar kom framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans á fund forstöðumanna og lagði fram hugmynd að nýta vettvang Ratsjárinnar í vetur fyrir starfsfólk Markaðsstofanna. Ratsjain er fræðsluverkefni og undirbúningur er hafinn að fjórum lotum um efnisatriði sem starfsfólk taldi sig helst þurfa þegar kemur að fræðslu. Þetta er flott tækifæri til að nýta til endurmenntunar, til að öðlast dýpri þekkingu á ákveðnum málefnum og ekki síst til að ræða á vinnufundum sameiginlegar áskoranir sem tengjast málefnum.

Menntamorgnar ferðapjónustunnar

MAS, Samtök ferðapjónustunnar og Hæfnisetur ferðapjónustunnar standa saman að menntamorgnum. Fyrsti menntamorguninn er 7. okt og er yfirskriftin „Sögur sem selja – upplifun og sagnalist í ferðapjónustu“. MAS eiga tvo fulltrúa í stýrihóp og tók Vala sæti í hópnum nú í september og situr þar ásamt fulltrúa frá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Markaðsmál

Sýningar

Vestnorden var haldin í fertugasta sinn á Akureyri í síðustu viku og var virkilega vel heppnuð. Í heildina voru um 550 þátttakendur í viðburðinum, þar á meðal voru fulltrúar frá 116 íslenskum fyrirtækjum, 30 frá Grænlandi og 11 frá Færeyjum. Yfir 150 erlendir kaupendur voru mættir til að kynna sér það sem þessar samstarfsþjóðir hafa fram að færa í ferðapjónustu og áttu yfir 5000 fundir sér stað á kaupstefnunni. Við hjá Markaðsstofu Suðurlands áttum 65 fundi bókaða og einhverjir litu við þegar laus stund var á borðinu. Fjórir starfsmenn MSS ásamt tveimur fulltúrum faghóps sveitarfélaganna skiptu með sér fundatímanum auk þess að sækja tvo kvöldviðburði og kynningarferðir þar sem tækifæri eru til áframhaldandi tengslamyndunar við innlenda og erlenda samstarfsaðila. Í framhaldi verða sendar ýmsar upplýsingar, m.a. sem búið er að safna saman frá fyrirtækjum og sveitarfélögum um Suðurland á ferðasala sem við hittum á Vestnorden.

Framundan er **World Travel Market** London í byrjun nóvember sem framkvæmdastjóri mun sækja. Haldinn var undirbúningsfundur með fulltrúum MAS og Íslandsstofu í september og annar framundan í október en þá einnig með fulltrúum fyrirtækja á básnum. Framkvæmdastjóri mun sinna vöktum í móttöku á Íslandsbásnum auk þess að sækja fyrirlestra á viðburðinum.

Undirbúningur er hafinn fyrir **Mannamót Markaðsstofa landshlutanna**, sem haldin verða 15. janúar 2026. Fyrsti fundur var haldinn í undirbúningshóp 11.sept og farið í gegnum helstu verkefni. Helst lá á að gera boðskort fyrir viðburðinn til að hafa á Vestnorden. Þá var helstu verkefnum skipt á milli aðila.

Blaðamenn og áhrifavaldar

Nú er í gangi blaðamannaferð í samstarfi við Íslandsstofu og fyrirtæki á svæðinu. Í ferðinni eru 4 blaðamenn sem skrifa fyrir ýmsa franska miðla auk fulltrúa frá PR stofu Íslandsstofu í Frakklandi (Finn Partners), Íslandsstofu og Markaðsstofunnar (Árdís). Ferðin fer fram frá laugardegi til þriðjudags og verða fjölmargir staðir heimsóttir. M.a. verða samstarfsaðilar í Þórsmörk, Vík, Hellu og Gullna hringnum heimsóttir að þessu sinni. Skipulag ferðarinnar er búið

að standa yfir síðan í vor. Þessi ferð mun vonandi efla sýnileika Suðurlands og Íslands í miðlum í Frakklandi en Frakkland er einn af lykilmörkuðum Íslands og hefur verið lengi.

Um miðjan október er von á þýskum blaðamanni sem mun fókusera á Eldfjallaleiðina og verður á svæðinu ásamt ljósmyndara. Hann starfar fyrir Deutche Presse-Agentur og mun efnið frá honum því dreifast á nær alla miðla í Þýskalandi.

Í desember er von á nokkuð stórum áhrifavaldi en það verkefni er samstarf milli Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands. Áhersla verður lögð á vetrardýrð og jólalegt efni, sbr. jólamarkaði sem og mat og menningu tengd þessari árstíð. MSS mun fá myndefni til notkunar eftir heimsóknina.

Samfélagsmiðlar og vefmál

Vinna við samfélagsmiðlana er í fullum gangi allt árið um kring og helsta áherslan á Visit South Iceland, Upplifðu Suðurland og Markaðsstofa Suðurlands á Instagram og Facebook. Þetta felur í sér skipulag, reglulegar uppfærslur og miðlun upplýsinga, búa til efni (myndir, myndbönd og texta) auk þess að fylgjast með miðlunum og deila áhugaverðu efni um Suðurland frá ýmsum öðrum notendum og samstarfsaðilum.

Einnig var unnið að upplýsingaöflun og skrifum á ferðabloggum fyrir vefinn og pósta fyrir samfélagsmiðla tengt efninu. Meðal blogga var samantekt á kvikmyndatökustöðum, allt um almyrkvann, efni um Norðurljós, mat og hugmyndir hvað er hægt að gera á rigningardögum.

Í vor var farið af stað að þróa spjallmennið Sunnu með fyrirtækinu menni.ai. Í júní fór spjallmennið formlega í loftið á síðunni og hefur sumarið farið í að fylgjast með fyrirsögunum sem koma þar í gegn og hvernig svörin koma út. Áttum fund með starfsmanni Menni í september um frekari þróun. Framkvæmdastjóri leggur til að framlengja samning við Menni eitthvað áfram og samþykkir stjórn það.

MSS átti fund með Datera og óskaði eftir tilboðum eftir hann í tvö verkefni. Annars vegar í gagnvirkni mælaborð þar sem settar eru fram lykiltölur sem tengjast vef og stafrænni markaðssetningu okkar. Hins vegar í gervigreindarúttektir á vefum markaðsstofanna. Þetta verður skoðað nánar og verkefni fyrir allar markaðsstofur skoðað þar í sameiningu.

Framkvæmdastjóri einnig að skoða að greiða fyrir aðgang fyrir starfsmenn að gervigreindarlausn Microsoft, Copilot. Þá lausn er hægt að nýta meira til vinnuhagræðingar en ChatGPT þar sem Copilot leitar í gögnum innan vinnusvæðis okkar hjá Microsoft 365.

Samstarf við sveitarfélög

Faghópsfundur var haldinn 16. september þar sem farið var yfir helstu fréttir af svæðunum fyrir Vestnorden.

Ragnhildur og Vala áttu fund með Eddu Jónsdóttur, nýjum forstöðumanni menningarhúss - bókasafns Hrunamannahrepps Flúðum, þar sem farið var yfir þær hugmyndir sem eru um menningarhúsið.

Framkvæmdastjóður ferðamannastaða hefur auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2026. *Opnað verður fyrir umsóknir þann 7. október og umsóknarfrestur er til kl. 13 þriðjudaginn 4. nóvember 2025.*

Í úthlutuninni fyrir árið 2026 er lögð áhersla á framkvæmdir sem stuðla að bættu öryggi ferðamanna. Það er því klárlega sóknarfæri í því að skoða öryggismál áfangastaða vel og mun MSS vera til ráðgjafar með umsóknir fyrir þá sem þess óska.

Samstarf við Ferðamálastofu

Tókum saman lista yfir vafamál og vangaveltur um öryggismál, gjaldskyldu og ábyrgð á áfangastöðum og var hann sendur á sérfræðing öryggismála og forstöðumann þróunarsviðs Ferðamálastofu. Hugsaður til að hefja samtal við Ferðamálastofu og hvetja til vinnustofu/þings um öryggismál, gjaldskyldu og ábyrgð. Vel tekið í erindið og verið að ræða með hvaða hætti er hægt að vinna þetta áfram.

Samstarf við Íslandsstofu

Fulltrúar Markaðsstofa landshlutanna (MAS) og Íslandsstofa funduðu í byrjun september til að ræða ýmis verkefni sem eru á döfinni og endurvekja upplýsingamiðlun milli aðila eftir sumarið. Þar fór Oddný yfir efni rýnifundar um vinnustofur og sýningar sem var mjög gagnlegt. Einnig deildi hún með okkur skýrslum frá Global Data sem Íslandsstofu hefur aðgang að um helstu markaði. Framkvæmdastjóri hafði samband eftir fundinn og fékk send fleiri gögn um þróun í ferðapjónustu.

Áfangastaðaáætlun og tengd verkefni

Menntun í ferðapjónustu (efla hæfni og gæði í greininni) er eitt af málefnasviðunum sem MSS kemur að með vísan í samning við Ferðamálastofu og tengist einnig áfangastaðaáætlun. Það eru fjölmargir snertifletir þarna og síðast liðið vor tókum við þátt í vinnuhóp varðandi raunfærnimat í ferðapjónustu. Nú í haust hafa verkefnin meira snúið að háskólastiginu og óskaði Háskólafélag Suðurlands eftir þátttöku MSS á fundi 15. sept með Háskólanum á Hólum þar sem ræða átti möguleika á svokölluðu örnámi. Námsleiðirnar sem helst er verið að skoða er ferðapjónusta og viðburðastjórnun, fiskeldi og hestamennska. Þetta gæti verið áhugaverður kostur fyrir fólk sem starfar í ferðapjónustu ef hugað er að fyrirkomulagi náms og tímasetningu.

Annað verkefni sem tengist áfangastaðaáætlun eru öryggismálin. Verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar fór á vinnustofu á vegum afþreyingarnefndar SAF sem henni fannst vel heppnuð.

Samstarf við SASS

Framkvæmdastjóri fundaði með nýjum framkvæmdastjóra SASS í lok ágúst þar sem farið var yfir mögulega samstarfsfleti sem framkvæmdastjóri MSS lagði fram tillögur að. Stjórn SASS fjallaði um efnið og lagði til að fulltrúar stjórnar SASS í stjórn MSS ræði nánar við framkvæmdastjóra og skoði málið betur áður en framkvæmdastjóri er kallaður af fund stjórnar SASS.

SASS fékk sendar spurningar um málefni sem tengjast nýrri Atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar sem samtökin voru beðin að svara með tilliti til hagsmuna landshlutans. Framkvæmdastjóri SASS óskaði eftir því við framkvæmdastjóra MSS að fá upplýsingar og gögn sem tengdust ferðapjónustu sem að sjálfsögðu var orðið við. Ferðapjónusta er mikilvæg fyrir atvinnulíf á Íslandi en hlutfallslega enn mikilvægari hér á Suðurlandi, sér í lagi í hinum dreifðari byggðum svo það er mikilvægt að passa upp á fjöreggið. Lagt er til að fylgjast með þegar atvinnustefnan kemur í samráðsgátt hvort tilefni þykir að stjórn MSS skili inn umsögn.

Innra starf

- Það erum tæplega 5% (rúmlega 800 þús) aðildargjalda 2025/2026 ógreidd eins og staðan er núna. Þar á meðal eru nokkur fyrirtæki þar sem eigendaskipti hafa orðið á árinu og við munum hafa samband við þau sérstaklega.
- Stefnt er á að halda áfram endurbótum á innri vef MSS og vinna áfram að efni í starfsmannahandbók.
- Í haust munu starfsmenn MSS gera átak í að kynna starfsemina til nýrra mögulegra samstarfsaðila.

Ýmsir aðrir fundir og viðburðir sóttir

- Kynning á Markaðsstofunni og starfseminni fyrir nema á grunnbraut matvæla- og ferðagreina í FSu.
- Ferðamálalöng höfuðborgarsvæðisins

Önnur mál

- Póstur frá ljósmyndara varðandi myndefni. Framkvæmdastjóra falið að skoða betur og leysa úr málinu.
- Næsti fundur áætlaður í byrjun nóvember, framkvæmdastjóri óskar eftir að fundur verði 10.nóv þar sem hún verður stödd á WTM.
- Desember fundur, framkvæmdastjóri leggur til að hann verði vinnufundur stjórnar og er það samþykkt.
- Ímynd ferðaþjónustu, umræða fór fram um möguleika. Horfa í sveitarstjórnakosningar í vor, frambjóðendur fá kynningu í aðdraganda kosninga. Einnig hvort tækifæri séu í kringum vinnu með áfangastaðaaætlun að sum sveitarfélög ekki með ferðamálafestnu, nýta saman.

Fundi slitið kl. 12:00